

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
hátiðarsamkomu í tilefni af heimsókn Margrétar Þórhildar
Danadrottningar til Háskóla Íslands og 100 ára afmælis fullveldis
Íslands. Haldið í Veröld – húsi Vigdísar, laugardaginn 1. desember
2018 kl. 15.30.**

Deres Majestæt, Islands præsident, kære Vigdís.

Det er mig en stor ære og fornøjelse på vegne af Islands Universitet at byde Dem velkommen til denne højtidelige sammenkomst.

Stofnun Háskóla Íslands 17. júní 1911 er órjúfanlega tengd baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir fullveldi. Það var því engin tilviljun að þeir sem börðust fyrir stofnun háskóla á Íslandi völdu afmælisdag Jóns Sigurðssonar sem stofndag skólans. Í huga þeirra var Háskóli Íslands holdgerving þeirra hugsjóna sem sjálfstæðishetjan hélt á lofti og þeir litu á skólann sem forsendu þess að þjóðin gæti náð þeim markmiðum sem Jón Sigurðsson barðist fyrir. Jón hafði bent á að menntun væri alls staðar „talín aðalstofn allra framfara, andlegra og líkamlegra“.

Sagan hefur sýnt að Jón Sigurðsson hafði á réttu að standa. Á rúmri öld hefur Háskóli Íslands menntað yfir sextíu þúsund Íslendinga á öllum fræðasviðum og námsstigum og byggt hefur verið upp hér á landi nútímalegt, lýðræðislegt velferðarríki í fremstu röð. Er nú svo komið að Ísland á breiðan alhliða Háskóla sem stenst samanburð við fremstu menntastofnanir austan hafs og vestan.

Kære tilhørere. I de sidste to årtier har arbejdet på Islands Universitet været præget af at styrke universitetets rolle som en vigtig medspiller i den internationale forskning. En vigtig del af denne rejse har været den systematiske opbygning af forskeruddannelsen på Ph.d.-niveau og udviklingen af nye muligheder for unge og nyuddannede forskere. Det er derfor i dag passende ved denne lejlighed at uddele stipendier til to postdoc-forskere, hvis forskning retter sig mod den historiske arv, som forbinder Island og Danmark. De to postdoc-forskere vil få tildelt arbejdsfaciliteter på både Islands Nationalmuseum og Det Nationalhistoriske Museum i Danmark. Jeg vil benytte lejligheden til at takke Carlsbergfondet for deres generøse bidrag til støtte for videnskaben, kulturen og det fortsatte frødige samarbejde mellem de to nationer.

Jeg vil bede de to postdoc-forskere om at komme her.

Jeg vil nu anmode Deres Majestæt om at komme nærmere og overrække de to forskningsstipendier.

Takk fyrir.